


Grunnmynd 2. hæð




Anddyri 1. hæð

Samþykkt þann

14 MAY 2008

Byggingafulltrúinn í Hafnarfirði
F.h. Jón Sigurðsson

Brunavarnir.

Geta má þess að allt burðavirki hússins þ.e. veggir loft og gólf er gert úr steinsteypu.

Brunasamstæður.
Á lóðinni eru 2 matshlutar og er fyrirhugað að starfsmannaíbúðir verði innréttað í mhl. 02 á 2. hæð.
1. hæðin í mhl. 02 er lokuð frá stigagangi með eldvarnarhurð EI-CS60.

Brunahólfun.
Hverri brunasamstæðu er skipt upp í mörg brunahólf og er hvert herbergi eitt brunahólf skilið af frá öðrum herbergjum eða gangi með EI-60 veggjum og EI-CS30 hurðum.
Sama á við um önnur rými hvað varðar brunahólfun.

Rýmingarleiðir.
Rýmingarleiðir af 2. hæð er um svalaganga að stigahúsi úr 6 herbergjum og úr hinum 8 herbergjunum er farið um gang að stigahúsi eða um fellistiga.

Brunaviðvörunarkerfi.
Í öll rými verða settir upp reykskynjarar.

Út- og neyðarlýsing.
Í ganga verður settur upp út- og neyðarlýsing viðurkennd af eldvarnareftirliti.

Klæðningar.
Allar klæðningar í lofti og veggjum verða í flokki 1.

Slöngukerfi og slökkvitæki.
Slöngukerfi og slökkvitæki eru sýnd á grunnmynd en frekari samráð verður við eldvarnareftirlit.

Aðkoma slökkviliðs.
Öll aðkoma slökkviliðs er mjög góð að gistiheimilinu, það er hægt að keyra að öllum hliðum hússins.
Þá er staðsetning slökkviliðs þannig að viðbragðstími þess að húsinu er ekki nema 3-5 mínútur.

Almenn atriði.
Öll lokuð rými verða útloftuð með vélrænni loftræsingu.

Sorpgeymslur.
Engar breytingar er á þeim hlutum og eru þær sýndar á gildandiafstöðumynd á baklóð.

Byggingalýsing.

Húsið er staðsteypt og einangrað að utanverðu.
Að utanverðu eru veggir einangraðir og klæddir með sléttri álplötuklæðningu.
Á veggi er fest 45×100mm blikkleiðarar c/c 600mm, leiðurum er fest við steyptan vegg með blikkknektum c/c 1200mm, með ø10mm múrboltum.
Á milli leiðara er einangrað með 100mm steinull.
Klæðning slétt 2mm hert/litað ál, er skrúfað á leiðara, undir þver- og langsamskeyti skal leggja renning 50mm breiðann úr 2mm hertu áli.
Vatnsbretti og áfellur skulu vera úr sama efni og klæðning.

Þak á framhúsi er byggt úr timbursperrum sem hvíla á útveggjum og eru stólaðir fastir á steyptri efstu plötu, þá er þak heilkllklætt með 25x250mm borðvið, þakpappa og þakstáli.
Þak á bakhúsi er byggt úr timbursperrum sem hvíla á útveggjum og burðarbitum sem eru festir við steypta útveggi, þá er þak heillklætt með 25x150mm borðvið, þakpappa og þakstáli, að innan er gengið frá þaki sem hér segir: Á milli sperra er fest vindvörn (tjörutex) á lista sem mynda 25-30mm loftbil. Þá er einangrað með 200mm þakull, þak þétt með rakasperru, neðan á loft er klætt með 13mm gifsplötum á afréttingargrind.

Steyptir veggir eru sandspartlaðir og málaðir að innanverðu.
Veggir (eldhindrandi) milli einstakra eininga, aðrir en steyptir veggir eru a.m.k. EI60 eldhindrandi veggir.
Hlaðnir EI60 veggir, ekki berandi veggir milli eininga, eru uppbyggðir sem hér segir: 70mm hlaðin vikurveggur, múrhúðaður beggja vegna með 15mm múrhúð.
Léttir EI60 veggir, léttir milliveggir á milli einstakra eininga eru uppbyggðir sem hér segir: 90mm blikkgrind fyllt með steinullareinangrun og klæddir beggja vegna með 2x13mm gifsplötum.
Húsið verður hitað með miðstöðvarofnum og eru lagnir sýnilegar að hluta.

LR. táknar loftræsingur.
Herbergi og svæði sem liggja að útvegg eru loftræst um opnanl. glugga, lokuð innrými (baðherb.) og þar sem loftræsa þarf yfir svefnrými er loftræst í gegnum blikkstokka, sjálftrekkjandi eða með vélrænni loftræsingu eftir því sem við á.

Öll mál skal yfirfara vel á staðnum áður en smíði hefst.

Breytingar.

Húsið Flatahraun 7 er teiknað af Sigurði Þorvarðarsyni byggingafræðingi.
Samkvæmt samþykktri teikningu frá 8. janúar 2003 er reiknað með því að það séu skrifstofur á 2. hæð hússins.

Fyrirhugaðar breytingar á húsinu samkvæmt þessari teikningu er að gera starfsmannaíbúðir á 2. hæð hússins með 14 herbergjum (einingar). Öll herbergi eru með barðherbergjum og eldhúskrók. 6 af þessum einingum eru með beinan aðgang að svalagöngum sem tengjast stigahúsi og hinar einingarnar eru með aðgang frá gangi sem tengist við stigagang.
Þessi hæð hefur aldrei verið innréttuð frá því húsið var byggt.
Þessi breyting er eingöngu á innra rými hússins, Engar breytingar verða gerðar á húsinu að utan og ekki heldur á bílastæðum og aðkomu að húsi.
Sjá teikningar sem voru samþykktar hjá byggingfulltrúa í Hafnarfirði 7. og 8. janúar 2003.




| Útg. | Nr. | Breytingar | Hönnuður | Dags |
|---|---|---|---|---|
| A | | Breyting við BO úr íbúð 0213 | JK | 13.05.08 |

Aðaluppdráttur

Flatahraun 7, Hafnarfirði

Strendingur ehf.
Verkfræðiþjónusta
Fjarðargata 13-15 - 220 Hafnarfjörður
sími 565 5640, fax 565 5641 strendingur@strendingur.is

Grunnmynd 2.hæð, anddyri 1.hæð. og skýringar

Hönnuður: Jóhann Kristinsson 060662-5689

Samræmingarhönnuður

Dags: 06.05.2008

Teiknað / Hannað af: MS/JK

Mælikvarði: 1:100 A2

Númer teikningar: 101

Útgáfa: A